

Skattar og gjöld vegna leitar, rannsókna og vinnslu olíu í nágrannalöndunum

Flest nágrannaríki okkar hafa margþætt gjöld og skattheimtu vegna leitar, rannsókna og vinnslu olíu til að tryggja sér hlutdeild í þeim hagnaði sem getur myndast af olíuvinnslunni ef vel tekst til. Gjaldtakan og skattheimtan byggist á svipuðum grunni, en útfærslan getur verið mismunandi eftir löndum. Leyfishafi greiðir **leyfisgjald** vegna undirbúnings og útgáfu leyfis og **svæðisgjald** vegna afnota á því svæði sem honum er úthlutað vegna rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis (leiga/ákveðið gjald fyrir hvern km²). Þá eru innheimt sérstök **framleiðslugjöld** í sumum ríkjum (t.d. Færeyjum), en önnur ríki (t.d. **Noregur**) hafa hætt notkun þeirra og taka í staðinn **hlutdeild í leyfum**, sem þýðir að þau greiða ákveðinn hlut í kostnaði, en fá á sama hátt hlutdeild í hagnaði.

Leyfishafi greiðir einnig **fyrirtækjaskatt**, en að auki eru innheimtir sérstakir **olíuskattar** á hagnað vegna olíuvinnslu. Á móti kemur að yfirleitt er heimilt að draga ýmsan kostnað, t.d. rannsóknarkostnað, frá skattstofni. Skattheimtan í nokkrum af nágrannalöndum okkar er sem hér segir:

1. Noregur: Í Noregi er borgaður almennur fyrirtækjaskattur og sérstakur olíuskattur af tekjum sem verða til vegna olíuleitar og olíuvinnslu innan norsks yfirráðasvæðis. Tekjuskattur fyrirtækja í Noregi er 28% og olíuskatturinn er 50%. Heimilt er að draga allan rekstrarkostnað sem til fellur við öflun tekna, t.d. svæðisgjöld og rannsókna- og þróunarkostnað, frá skattstofni. Sérstakar reglur eru um afskriftir og uppsafnað tap vegna olíuleitar eða olíuvinnslu er hægt að nýta á móti hagnaði þegar hann verður af starfsemi og eru engin tímamörk á nýtingu tapsins.

2. Færeyjar: Í Færeyjum er olíuskattur jafnhár og almennur fyrirtækjaskattur eða 27%. Þessu til viðbótar er svo gert ráð fyrir að heimilt sé að innheimta viðbótarolíuskatt, sem er stighækkandi eftir hagnaði: Þegar hagnaður af olíuauðlind er hærri en 20% þá er lagður 10% viðbótarskattur á hagnaðinn, þegar hagnaðurinn fer yfir 25% þá verður viðbótarskatturinn 25% og þegar hagnaðurinn er kominn yfir 30% þá er viðbótarolíuskatturinn 40%. Jaðarskatturinn verður þó aldrei hærri en 57,1% (þ.e. þegar 2% framleiðslugjald og 27% almennur olíuskattur hafa verið dregin frá). Heimilt er að draga frá tekjuskattstofni allan rekstrarkostnað sem verður til við að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við. Tekjur vegna rannsókna og vinnslu á olíu þurfa að vera aðgreindar frá tekjum vegna annarrar starfsemi.

3. Írland: Skattprósentan á fyrirtæki á Írlandi er 12,5% en fyrir olíuleitar- og olíuvinnslufyrirtæki er hún 25%. Allar tekjur vegna olíuleitar og olíuvinnslu á írsku yfirráðasvæði eru skattlagðar. Heimilt er að nýta tap á móti hagnaði í tvö ár og varanlega rekstrarfjármuni sem notaðir eru til tekjuöflunar í olíuleit og olíuvinnslu má fyrna á þremur árum. Frá tekjuskattstofni má draga frá allan kostnað er til fellur við öflun tekna í olíuleit og vinnslu.

4. Danmörk: Í Danmörku er 28% fyrirtækjaskattur og 52% kolvetnisskattur. Heimilt er að draga rannsóknarkostnað og ýmsan annan kostnað frá skattstofni.